

Ég sagðist ekki treysta mér til að halda uppi vörnum fyrir áframhaldandi ofbeit. Hins vegar er sjálfsgagt ekki betri skilyrði annars staðar en á Suðurlandi til að hafa sauðfé á ræktuðu landi, þ.e.a.s. ef svoleiðsla framleiðsla er hagkvæm. Ég veit það ekki, en framleiðsla kindakjöts til útflutnings fyrir það verð sem hingað til hefur fengist getur ekki borgað sig hvernig sem á málið er litið.

En það er sem betur fer ekki bara kinda- og kúabúskapur sem er stundaður á Suðurlandi, það eru fleiri umfangsmiklar búgreinar, hænsnarækt og svínarækt, sem ganga oft vel en stundum miður eftir markaðsaðstæðum. Loðdýrarækt er eitthvað stundum með misjöfnum árangri og það er mikil framleiðsla á garðávöxtum og meira að segja töluvert af þeirri framleiðslu flutt fullunnið úr héraðinu. Garðyrkjbændur eru margir og víða góð aðstaða til ylræktar og það er ástæða til að ætla að hún geti aukist og orðið fjölbreyttari með breyttum neysluvenjum því grænmetisneysla er alltaf að aukast og það er flutt inn mikið af útlendu grænmeti.

Í því góðæri sem ríkt hefur í sjávarútvegi undanfarin ár, tvö aflahæstu ár íslandssögunnar, hafa sunnlendingar ekki náð að halda sínum hlut miðað við aðra landsmenn. Kemur þar margt til m.a. eiga þeir fáa og smáa togara. Vestmannaeyingar byggja mest á vertíðarafla bátanna og sú stefna að auka sókn togaranna í smáfisk fyrir norðan land í stað þess að auka kvóta vertíðarbáta í stóran þorsk fyrir sunnan, kemur vitaskuld niður á þeim. Árið 1983 var hlutur sunnlendinga í aflavermæti landsmanna 12% en 1986 var hann

aðeins 8%. Og það sama er upp á tengingnum hvað varðar fiskinn og landbúnaðarafurðirnar, sú vinnsla sem fram fer í héraðinu er að lang mestu leyti frumvinnsla, nema í fiskinum er málið enn alvarlegra þar er verið að flytja atvinnuna úr landi. Fiskvinnslufólk hefur líka sem vonlegt áhyggjur af gámaútflutningi sem líklega er hvergi meiri en á Suðurlandi. Í fullvinnslu sjávarafurða eru ótal möguleikar ef vilji og fjármagn er fyrir hendi. Vinnuaflíð er til á Suðurlandi a.m.k. og vaxandi eftirspurn er eftir alls konar tilbúnum sjávarréttum bæði innanlands og utan. Og þeir sem til þekkja og spá um markaðshorfur segja að eftirspurn eftir slíkum vörum eigi enn eftir að vaxa og íslenskur fiskur verði eftirsóttari en annar vegna vaxaandi mengunar m.a. í Norðursjó.

Og helsta vonarglætan í atvinnumálum sunnlendinga er fiskeldi. Til þessa hefur aðallega verið um seiðaeldi að ræða mest fyrir Noregsmarkað því Norðmenn eiga í erfiðleikum vegna smitsjúkdóma og vilja kaupa heilbrigð seiði frá Íslandi. Ennþá hafa íslendingar ekki komist upp á lag með að framleiða fóður allavega ekki startfóður þannig að mest allt fóður til seiðaeldis er flutt frá Noregi og fylgir því mikil smithætta. Þarna er þörf á auknum rannsóknum og eftirliti til að koma í veg fyrir slys og sjúkdóma. Matfiskeldi er að aukast og góðar aðstæður eru fyrir það vestantil á suðurströndinni. Landrými nóg og heitur sjór og vatn. Þar eru vandamál í sambandi við úrgang og þar með mengun frá stöðvunum tiltölulega lítil.

Ferðamannapjónusta er vaxandi á Suðurlandi eins og annars staðar og eflaust miklir möguleikar ónotaðir á því sviði.

Hver er sérstaða kvenna í dreifbýlinu?

Spurningar og svör frá upplýsingapjónustu landbúnaðarins er spurt hver er staða konu í sveit. Telst hún líka bóndi og hefur réttindi þannig. Og þeir svara þessu þannig að eiginkona bóna teljist líka bóndi, hún hafi kosningarátt og kjörgengi til Stéttasambands bænda en hins vegar hafi sveitakonur m.a. gagnrýnt að starf þeirra sé ekki nægilega metið til ársverka og þær hafi ekki af þeirri ástæðu fæðingarorlofsréttindi á við konur í péttbýli sem stunda atvinnu utan heimilis. Víða í sveitum er skortur á heppilegri atvinnustarfsemi fyrir konur sem vilja vinna úti.

1987 sáu tvær konur í fyrsta sinn sem kjörnir aðalfulltrúar á Búnaðarpíngi af 25 fulltrúum og konur hafa undanfarin ár verið kosnar sem aðalfundafulltrúar hjá Stéttarsambandi bænda. 1987 sátu 4 konur aðalfundinn af 64 fulltrúum. Hins vegar hafa konur verið framarlega í flokki þeirra sem brydda upp á eða stunda nýbúgreinar svo sem loðdýrarækt, fiskeldi, ferðamannapjónustu, kanínueldi o.fl. í sveitum.

Tilvitnun lýkur.

Við sjáum þá a.m.k. að stefna bændastéttarinnar hefur ekki verið mörkuð af konunum í þeirri stétt. Annars eiga konur í dreifbýlinu við flest sömu vandamál að glíma og konur í péttbýli og mörg til viðbótar. Til dæmis, allavega á Suðurlandi, lág laun þ.e.a.s. lægri en annars staðar á landinu og litla atvinnumöguleika og einhæfa. Annars kemur aðstöðumunur fólks úti á landi bæði karla og kvenna kannske

skýrast fram í menntunar- og menningarmálum. Allar helstu mennta- og menningarstofnanir þjóðarinnar eru í Reykjavík og ungt fólk sem fer í langskólanám á landsbyggðinni á í fæstum tilfellum afturkvæmt til sinnar heimabyggðar. Þær er oftast skortur á störfum við þess hæfi. Fjöldinn allur af dreifbýliskonum hefur notað sér þau tækifæri til menntunar sem öldungadeildirnar við fjölbauta- og menntaskólana hafa veitt, en þær sem útskrifast þaðan verða langflestar að láta þar við sitja því þó að einar tekjur dugi sjaldnast til framfærslu fjölskyldu eru þær oftast of háar til að möguleikar séu á námslánnum. Það er líka meira en að segja það að taka sig upp með fjölskyldu og flytja búferlum til að geta stundað nám, sem svo jafnvel nýtist ekki nema flutnigarnir verði varanlegir. Margar konur á landsbyggðinni eru réttindalausir kennrarar og leiðbeinendur og þeim hefur gefist kostur á svokölluðu réttindanámi sem er skipulagt með námsgjöfum og fjarnámi. Til þess þurfa þær þó að hafa kennt 6 ár eða lengur. Fjölbreyttari möguleikar í námi sem skipulagt væri svipað og réttindanámið eða með einhverskonar fjarnámi yrði örugglega nýttir mjög vel af konum á landsbyggðinni og er áreiðanlega með því betra sem hægt er að gera í byggðamálum.

Dreifbýlisfólk hefur auðvitað áhyggjur af þeim breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem er í vændum. Það er erfitt að sjá hvernig fámenn sveitarfélög eiga að standa undir verkefnum eins og t.d. málefnum fatlaðra, tónlistarskólum og dagvistun án þess að á móti komi einhver tekjuaukning. Í því sambandi hefur m.a. verið rétt um hækkun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en ef hann á

að koma að einhverju gagni þarf að breyta eitthvað reglum um úthlutun frá því sem nú er, þegar að aðeins 9% af tekjum hans fer í raun og veru í að jafna aðstöðu dreifbýlis og þéttbýlis. Annað er greitt eftir höfðatölu og er framlag Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkur vera nálægt 280 millj. kr.

Það er líka mikið áhyggjuefni að ríkið skuli ætla að draga úr rannsóknarstarfsemi og þjónustu við atvinnuvegina sem allar framfarir byggjast á. Og ég tala nú ekki um ef ríkið ætlar ekki að greiða sinn hlut í því sem þegar hefur verið ráðist í að framkvæma í sveitarfélögunum upp á væntanlegt framlag ríkisins.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri, þakka ykkur fyrir.

(Hér er ég með tilkynningu sem ég held að sé frá Guðrúnu Jónsdóttur um það að konurnar sem eiga eftir að fá greiddan ferðakostnað að þær hafi samband við hana, hún verður hérna frammi á eftir, þær sem að koma utan af landi og eiga eftir að fá greiddan ferðakostnað.)

Ég þakka Guðrúnu Sveinsdóttur kærlega fyrir og gef Sigrúnu Jóhannesdóttur frá Vesturlandi orðið, gjörðu svo vel.

Komið þið səlar, allar Kvennalistakonur.

Ég kem úr Borgarfirði, Norðurárdal. Þegar ég lagði af stað hingað á landsfundinn í gær þá var sonur minn 12 ára nýkominn heim úr skólanum, það er heimavistarskóli og hann hafði verið óvenjulega í skólanum núna og mér datt í hug að spyrja hann hvort ég ætti ekki að fara með það á landsfundinn hvað það væri erfitt að vera í heimavistarskóla, hvað það væri erfitt að búa út á landi og vera í heimavistarskóla. Nei ekki segja það, sagði hann, mér finnst fínt að vera í heimavistarskóla, segðu þeim að mér finnist vont að geta ekki séð Stöð 2.

Þetta hafði mér alls ekki hugkvæmst að væri vont.

Svona er nú matið mismunandi á misréttinu á landsbyggðinni.

Umræða um byggðamál er ekki ný og ekki séríslenskt fyrirbrigði. Á öllum Norðurlöndunum fer fram mjög lífleg umræða um byggðamál og Evrópuráðið hefur m.a. helgað árið 1987 og 1988 baráttu fyrir landsbyggðinni. Hingað til

hefur umræðan snúist um fjárveitingar, samgöngur, stóriðju og atvinnufyrirtæki á karlmannavísu samanber hugmyndir Trausta Valssonar um samtengingu byggða með hraðbrautum yfir hálendið. Það birtust greinar um þetta í Morgunblaðinu nýlega.

Nú ég ætla að reyna að ræða byggðamálin frá svolítið öðrum sjónarhóli. Frá sjónarhóli kvenna, hvernig snúa byggðamálin sérstaklega við konum. Ég bý út á landi og mér finnst gott að búa út á landi og ég vil gjarnan búa þar áfram. En stundum rennur mér svolítið til rifja sú niðurlæging sem við landsbyggðarbúar verðum oft á tíðum fyrir í samskiptum við miðstöð þjóðarinnar, höfuðborgina. Ég ætla að byrja á að segja ykkur nokkur nýleg dæmi sem ég hef orðið fyrir í mínu starfi.

Fyrir stuttu benti ég nemendum mínum á að á Landsbókasafninu fengjust heimildir sem þau gætu notað við verkefnagerð. Það var grein í dagblaði sem þeim vantaði. Nú þau hringdu á Landsbókasafnið og báðu um að fá sent ljósrit af viðkomandi grein í póstkröfu en fengu þau svör að Landsbókasafnið veitir enga slíka þjónustu. Þau verði bara að koma hingað suður skrifa greinina hér, var svarið. Þetta er Landsbókasafnið. Það yrðu nokkuð dýr og tímafrek verkefni sem að unnin yrðu á þann hátt. Annað nýlegt dæmi. Það var ákveðið að fara í leikhúsferð og við fengum bréf frá leikhúsunum með tilboðum um nemendafslátt og það var ákveðið að far á laugardagskvöldi af því að það er eina kvöldi sem hentar því ferðin tekur alls 7 tíma og það er ekki gott að nota þau kvöld þegar skóli er daginn eftir.

Nú leikhúsin veita ekki afslátt á laugardagskvöldum og þetta kostar nemendur ofan úr Borgarfirði 1800 kr. ein leikhúsferð, þ.e.a.s. 800 kr. í leikhúsið og 1000 kr. rútuferðin.

Þetta eru svona tvö smádæmi sem mig langaði til að bregða upp yfir ykkur. Ég veit að það eru fjöldinn allur af konum hérna sem þekkir miklu svæsnari og grófari dæmi en þetta um aðstöðumuninn. Þetta eru aðeins tvö nýleg dæmi. Ég veit að margar konur hérna hafa reynt þessa tilfinningu, þessa vanmáttartilfinningu sem að maður fyllist við að upplifa þetta.

En það eru önnur vandamál á landsbyggðinni sem mér eru hugleiknari og varða konur sérstaklega, það eru atvinnumálin. Hvað á fólk að gera þegar ekki er lengur hægt að lifa á búinu, bónusinn er búinn að eyðileggja bakið, fiskurinn kemur ekki lengur í vinnslustöðvarnar, börnin eru farin suður í menntunarleit og atvinnuleit, óraleið er á næsta vinnustað, þú hefur kannske ekki bílpróf og það er enginn öku kennari í nágrenninu, þannig að þú verður að fara langa leið til þess að geta lært á bíl. Hvað mynduð þið gera? Gefast upp og flytja suður? Á eftir börnunum, atvinnunni, heilbrigðispjónustunni, menningarlífínu. Skilja eignir og ævistarf eftir verðlítíð. Þetta er sú staða sem að blasir við mörgum konum nú í dag. Karlmönnum að sjálfsgögðu líka. Þetta er einmitt það sem hefur gerst. Undanfarin ár hefur fólksstraumurinn verið til höfuðborgarinnar og hann hefur farið vaxandi og ástandið versnar enn ef ekkert verður að gert. Í sjónvarpsfréttunum á

föstudagskvöldið þá var viðtal við nokkra fulltrúa á landsbyggðaráðstefnu á Selfossi og flestir sem talað var við töldu að byggðastefnan hefði brugðist.

Ég sat nýlega á priggja daga ráðstefnu í Svíþjóð.

Þetta var kvennaráðstefna, sem bar yfirschriftina "Konur í dreifbýli". Þar voru vandamál dreifbýlis rædd. Það var athyglisvert að komast að þeirri niðurstöðu að allar þessar konur voru að ræða sömu vandamál. Það voru þarna konur frá öllum Norðurlöndunum að Íslandi meðtöldu eins og sánsku blöðin sögðu. Þessi ráðstefna var haldin á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem kostaði hana að hluta. Mér var boðið að koma þarna til þess að kynna félagsmálanámskeið sem ég hef verið með fyrir Samvinnuskólann, þar sem tilgangurinn hefur verið að reyna að örva konur og auka hlut þeirra í Samvinnuhreyfingunni. Þessar konur sem þarna voru saman komnar höfðu allar hver á sinn hátt unnið að því að styrkja hlut kvenna á ráðstefnunni. Sánskar konur voru þó mest áberandi og greinilegt að þær ætla sér mikinn hlut í þeirri herferð sem nú er farin í Svíþjóð til að endurreisa landsbyggðina. Þar er risin upp fjöldahreyfing undir kjörorðinu "Hela Sverigas ledar", sem miðar að því að nýta sem best þau verðmæti sem landsbyggðin býður upp á og framkvæmdin miðist við getu og þarfir á hverjum stað og með skilmálum heimamanna. Dæmi um verkefni sem þessar konur hafa staðið fyrir er t.d. í Värmland hafa konur tekið byggðarsafn upp á sína arma, breytt rekstri þess, gert það lifandi með sýningu gamalla vinnubragða og minjagripasölu tengdum þeim. Í kringum þetta er risin upp ferðapjónusta

og þarna helst í hendur bæði varðveisla þjóðlegrar menningar og atvinnutækifæri fyrir konur. Þrjár atvinnulausar konur í 300 manna smábæ í Norður-Svíþjóð stofnuðu vefstofu í félagsheimili bæjarins. Í tengslum við hana rís barnaheimili og á næstsunni rís þar snirtistofa og heilsurækt sem allt er rekið af konum. Þær breyttu lítt notuðu félagsheimili í atvinnu- og félagsmiðstöð. Þar hittast þær og vinna á sínum forsendum. Reksturinn er að byrja að gefa af sér og fyrirhugað er að bæta ferðapjónustu inn í myndina eða eins og ein konan orðaði það við fórum og kveiktum ljós í stað þess að kvarta yfir myrkrinu. Það voru mörg dæmi líka frá Noregi og Finnlandi, bæði nálægt Tromso í Noregi hefur verið sett upp fiskeldisstöð sem eingöngu konur reka. Það var talið undarlegt hvað konur hafa lítinn áhuga á fiskeldi enda unnu þær í mesta lagi skrifstöfustörf við slíkar stöðvar, en síðan var gerð tilraun með að setja upp fiskeldisstöð sem var eingöngu rekin af konum og viti menn, þá fylltust þær áhuga á verkefninu og þessi stöð gengur vel og rekin með hagnaði, allir fá gott kaup og hagnaðurinn er notaður til þess að kosta nám þeirra sem vilja fara í fiskeldisstörf.

Frá Finnlandi var kona sem er ráðgjafi við landbúnaðarháskólann í Finnlandi og hún hefur það verkefni að aðstoða þá sem vilja setja upp smáfyrirtæki jafnhliða búskapnum. Hún hefur aðstoðað fjölda manns við að setja upp fyrirtæki, þau ganga misjafnlega en sum vel og hún veitir alla fyrirgreiðslu sem þarf sem fólk er oft svo hrætt við. Hún er hagfræðingur og sér um markaðskannanir og allt slíkt fyrir þetta fólk.

Ótal fleiri svona dæmi mætti nefna sem er of langt mál upp að telja hér, en ég er með pappíra hérna ef einhverjar hefðu áhuga á að kíkja nánar í þá á eftir.

Við vorum þarna 50 konur, sem allar förum heim með þessar niðurstöður. Það hjálpar okkur enginn ef við hjálpum okkur ekki sjálfar. Iðnaðarsamfélagið, borgarsamfélagið er samfélag karla þar sem konur eru lítt sýnilegar. Ástandið í dag er afleitt þessa iðnaðarsamfélags. Sem dæmi að þeir sem stjórna eyða 1550 millj. dollara á dag í stríðsrekstsur. Við höfum gengið inn í þessi stríðssamfélög með þeirra skilyrðum og árangurinn er það samfélag sem við lifum í nú. En menn þykjat sjá ýmiss teikn þess að iðnaðarsamfélagið sé að ganga sér til húðar og upp muni renna nýir tímar með breyttum viðhorfum og þar þurfum við konur að ætla okkur stóran hlut. Þar kem ég aftur að landsbyggðinni okkar. Nýir tímir þurfa að fela í sér einhvers konar afturhvarf til náttúrunnar og þess eðlilega. Við íslendingar búum vel hvað það varðar. En hvernig getum við gert það eftirsóknarvert? Það eru margar leiðir til í nútímaþjóðfélagi til að breyta viðhorfi fólks. Við höfum fjölmiðla, skóla, öll þessi stóru og miklu félagsheimili vítt og breitt um landið. Við þurfum að hefja herferð (mér finnst það leiðinlegt orð, en ég nota það nú samt) sem hefur það markmið að breyta viðhorfum fólks til landsbyggðarinnar. Við þurfum að auka umræðuna um gildi landsbyggðarinnar fyrir alla, líka borgarbúa. Við þurfum að leita til heimamanna, safna þeirra hugmyndum og tillögum og virkja þá krafta sem fyrir eru, leggja aukna áherslu á

pátt kvenna og láta það sem íbúarnir sjá fyrir sér ráða en ekki það sem sérfræðingarnir segja. Framkvæma síðan. Vel skipulögð herferð getur leyst orku úr læðingi. Orku sem leynist mjög víða en fær ekki útrás. Viða er þessi orka svæfð niður með pilluáti og sjónvarpsglápi. Við íslendingar gleypum gifurlega mikið af svefnlyfjum og róandi lyfjum.

Þorsteinn Pálsson ræddi á Selfossi þá hugmynd að söluverð ríkisfyrirtækja yrði notað til uppbygginga atvinnulífs á landsbyggðinni. Þar er greinilega til fjármagn. Við þurfum að ætla okkur það hlutverk að sjá til þess að því verði skynsamlega ráðstafað. Þar á ég við að komið verði í veg fyrir svokölluð gæluverkefni sem oft hefur verið notað stórfé í en komið samt fáum til góða og síst konum. Dæmi er aftur á móti um það að konum hefur verið neitað um fjárstyrk á þeim forsendum að fjárupphæðin sem þær fóru fram á væri of lág. Spyrjið Snjólaugu.

Jæja, ég hef nú látið vaða um það sem ég hef verið að hugleiða í þessum málum. Ég hef ekki komið inn á þessi venjulegu byggðamál en ég vona að það sem ég hef sagt hérna hafi kveikt einhverjar hugmyndir. Við konum eru sem óðast að verða meðvitaðar um stöðu okkar í dag, um sögu okkar og fortíð sem er nauðsynlegur grunnur fyrir okkur að byggja framtíð okkar á. Við þurfum að fara út úr óvissunni í stöðu okkar yfir í vissu. Við þurfum að fara frá því óeðlilega yfir í það eðlilega. Við þurfum að fara úr hugleysi yfir í hugdirfð, frá því veraldlega yfir í það andlega. Við þurfum að fara úr smáhlutunum og fara að hugsa í heild, frá því sýkta og yfir í það heilbrigða. Með það að leiðarljósi held ég að við getum mótað framtíðina.

Ég þakka Sigrúnu Jóhannesdóttur kærlega fyrir. Nú er opnað fyrir almennar umræður og þið hafið náttúrulega reifað ýmsar hugmyndir og ég trúi ekki öðru en að það hafi verið kveikt í einhverjum hér inni og ég bið ykkur endilega að taka þá til máls. Þið gefið merki eftir atvikum.

En sem sagt orðið er laust um atvinnu- og byggðamál.

Helga Jóhannsdóttir.

Kæru systur.

Ég ber hérna upp ályktun til fundarins. Ég er ekki ein um hana, Danfríður og Birna á Brunná eru meðflutningsmenn. Þetta er eiginlega sama ályktun og borin var upp í Króksfjarðarnesi á sl. hausti. Þar var helgarfundur Kvennalistans þar um landbúnaðarmál og það kom í ljós þá ekki síður en nú í dag, hversu brýnt það er að við reynum að leggja okkar að mörkum til að bæta þar úr. Og þessi ályktun hljóðar svo:

"Landsfundur Kvennalistans samþykkir að haldin sé á sumri komanda landsráðstefna um landbúnað og landnýtingu."

Og ef ég má rétt bæta því við, að ef af þessu verður, og kannske hvort sem væri, þá þarf að vinna mjög mikið og vel að því fram að slíkri ráðstefnu að afla allra þeirra gagna sem að til eru um þessi mál og dreifa þeim í alla anga. Þannig að við komum sem allra best undirbúnar til slíkrar ráðstefnu. Þá getum við lagt lóð á vogarskálirnar í anda þess sem hún Sigrún sagði hér áðan.

Takk fyrir.

Kristín Jónsdóttir.

Ég ætla bara að lýsa þakklæti mínu fyrir öll pessi góðu og fræðandi erindi fyrir mig frá dreifbýlinu. Mér fannst mjög gaman og það voru margar hugmyndir sem að kvíknuðu hjá mér undir lestrinum og sérstaklega fannst mér bara gaman að fá svona innsýn inn í það sem dreifbýlið er að gera og dreifbýlið er að hugsa. Og ég bara þakka ykkur innilega fyrir pessi erindi.

Eiríka Sigurvinssdóttir, Vesturlandi.

Ég vil líka þakka fyrir pessi skemmtilegu erindi. Og ég verð að fá að segja frá því að ég er nýkomin af ráðstefnu þar sem fjallað var um konur og vinnuumhverfi. Mjög góð ráðstefna og þar kom margt fram. Þar voru m.a. verkalýðsleiðtogar frá Norðurlöndunum, náttúrlega ekki frá Íslandi og Færeymum, og þegar verkalýðsleiðtoginn frá Noregi var að fjalla um atvinnumöguleika og byggðamál Norður-Noregs þá gat hann alveg eins verið að tala um byggðamál og atvinnumál kvenna hér á Íslandi. Þar fluttu mennirnir burtu þegar að kvótinn var búinn og konurnar urðu eftir með eignirnar og börnin og enga atvinnu. Því fiskurinn var jú þeirra atvinna, en það var eins og sagt var hér áðan, það var miklu auðveldara að flytja fólkið til kvótans heldur en kvótann til fólksins. Þarna mynduðust mjög miklir erfiðoleikar þar sem konurnar voru í miklu strálbýli og erfiðar samgöngur og allt slíkt. Eitt var það

sem að þær gerðu og það var að setja á stofn þjónustu-fyrirtæki með tölvur og þær tóku þar verkefni til sín og gátu þá unnið það þegar þær vildu á sínum eigin forsendum, m.a. bókhald og bara allt það sem hægt er að vinna á tölvu. Þetta sagði hún að hefði gefið góða raun af mörgum. Þetta er kannske eitt lítið dæmi sem við gætum tekið með öllum hinum góðu dæmunum.

Ég þakka ykkur fyrir.

Ég vil nú byrja á því, eins og aðrir, að þakka þessum konum sem að töluðu áðan og bara segja það að við konurnar á Austurlandi finnst við heyra mikla samstöðu, alveg sérstaklega með konunum frá Vestfjörðum og jafnvel af Vesturlandi líka. Okkur finnst við heyra í sjálfum okkur líka.

Mig langaði svolítið í tilefni af þessari umræðu hérra af því það hefur verið minnst nokkrum sinnum á fiskveiði-kvótann og undanfarið hefur verið umfjöllun í fjölmöldum og það blásið upp. En mál út af því að kvóti er misjafn á suðvesturhorninu og svo aftur fyrir norðan, vestan og austan. Og þessir undirskriftalistar sem að þingmenn, ég held bara hérrna á suðvesturhorninu skrifuðu undir, vegna þess að ja væntanlega útgerðarmenn hljóta að hafa verið að pota í þessu á suðvesturhorninu um að fá meiri kvóta, að þá vil ég benda á, eða ég vil vara við, að það sé tekinn svona einn hlutur út úr og eigi þá að rétta einhvern mismun í honum. Ég get bara sagt eins og er, þetta er eitt af því fáa sem við höfum framyfir. Suðvesturhornið hefur, eins og

fram hefur komið í þessum erindum hérna, marga aðra hluti
framyfir og ef að á að fara að rétta þennan mismun milli
landsbyggðarinnar annars vegar og þessa suðvesturhorns hins
vegar. Þá finnst mér mjög óréttlátt að það sé tekinn út úr
þessi eini hlutur, kannske of langt gengið að segja sá
eini, en einn af þeim fáu hlutum sem við höfum þó framyfir
og þá eignum við að gefa af okkar. En suðvesturhornið hefur
þá þegar ýmislegt framyfir. Það fara miklir fjármunir allra
landsmanna í hluti hér á þessu suðvesturhorni sem að við
aldrei nýtum, eða fáum að njóta, eins og kom einmitt fram í
ræðum allra kvennanna hérna.

Já mig langaði bara að lýsa þeirri skoðun minni að ég
vil að við fáum að halda aðeins í þessi forréttindi. Mér
finnst ég vera svolítið hvassyrt að standa hérna og segja
það en ég vildi alla vega að það kæmi fram.

Takk fyrir.

Kristín Halldórsdóttir.

Góðan daginn. Ég tek undir með þeim sem hafa talað hérna, ég þakka kærlega fyrir þessi erindi sem að hafa verið flutt hérna. Þau hafa verið bæði skemmtileg og fróðleg. Og mér datt í hug þegar hún talaði hérna hún Sigrún, þá sagði hún þau einkunnarorð sem mér finnst að gætu verið einkunnarorð Kvennalistans, "Kveikjum ljós í stað þess að kvarta yfir myrkrinu".

Þær minntust á mjög margt afar athyglisvert sem væri vert að ræða hvert fyrir sig. Arna t.d. var að tala um þau vandamál sem að snúa að landsbyggðinni í sambandi við húsnæðismál. Það hefur einmitt verið mikið til umræðu hjá okkur og eins og þið sjálfsagt allar vitið þá hefur okkar stefna í húsnæðismálum m.a. falist í því að okkur hefur fundist sú séreignastefna sem hefur verið markmið stjórnvalda í langan, langan aldur, hafa snúið mjög illa t.d. gagnvart landsbyggðinni þar sem að fólk hefur verið nánast tilneytt til að kaupa sér húsnæði og þar með nánast verið lagðir á það átthagafjötrar þar sem það hefur ekki getað losnað við húsnæðið ef það hefur viljað flytja. Og þetta hefur líka staðið þeim fyrir þrifum sem hafa viljað, ja gera tilraun, eða allavega prófa að vinna út á landi annað hvort við kennslu eða eitthvað slíkt og hafa ekki átt auðvelt með að verða sér úti um húsnæði. Við höfum þess vegna lagt mikla áherslu á það að það væri auknir möguleikar fólks til að fá húsnæði á leigu. Sem sagt viljað að það væri lagt meira í byggingu leighúsnæðis um allt land og talið að það myndi sérstaklega koma lands-

byggðinni til góða. Ennfremur að það væri á boðstólnum hér nægilegt leighúsnaði fyrir fólk sem vill koma utan af landsbyggðinni til þess að læra hér. Það er mikið vandamál einmitt fyrir landsbyggðafólk að tryggja sínum börnum húsnæði á skikkanlegu verði.

Nú það var svo bráðskemmtileg umræða sem að við hlýddum á nokkrar þegar var verið að ræða um fjárlagafrumvarpið hérna síðast og af því að hún Arna minntist á iðnráðgjafana, þá er ég hérna með Alþingistíðindi, umræðutíðindin sem að alltaf koma út og ég vona að einhverjur a.m.k. sjái ástæðu til að kaupa og lesa. Þau eru mjög fróðleg og skemmtileg á köflum. Og þar var mikið búið að gagnrýna t.d. þessa ráðstöfun fjármálaráðherra að leggja til að það yrði hætt að greiða fyrir iðnráðgjafa. Og það er örstuttur kafli þegar hann var að svara því sem ég má til með að lesa upp. Við Þórhildur sáum saman og við hlóum svo mikið að við vorum gráti næst. Hann segir hér, orðrétt:

"Iðnráðgjafar. Já það er skelfilegt mál að leggja nokkra iðnráðgjafa. Það skiptir ekki máli hvaða skoðun ég hef á því út af fyrir sig. Ég er þeirrar skoðunar að þetta hafi verið óttalega mislukkað kerfi og litlum árangri skilað. Þó er það nokkuð persónubundið. Það segir nú ekki mikið um það þegar einhverjum mönnum er sagt upp hérna á almennum vinnumarkaði en það er alveg voðamikið mál ef einhverjum opinberum starfsmanni í merkilegu og vernduðu umhverfi er sagt upp. Ég er þeirrar skoðunar að við ættum að hafa þessa tilhögun öðruvísni. Hvers vegna er það ekki

sjálfsagður hlutur að leita meira til iðnaðarins eða til byggðalaga og samtaka sem hafa trú á þessu fyrirtæki um það að þau leggi eitthvað til þessarar starfsemi. Afhverju á að breyta öllu í einhverjar ríkisfunktionir. Ég þekki suma iðnráðgjafa sem aldrei hafa séð glaðan dag vegna þess að þeir fundu aldrei nein verkefni og þeir bara eiga um einhversstaðar í einangrun í viðkomandi byggðalagi, sáu aldrei til sólar, þekktu ekki neitt, vissu ekki neitt og gerðu ekki neitt. "

Það var hérna eitt sem hún Ásta sagði, að það væri takmörkun fyrir því hvað stór hluti atvinnulífsins getur verið í þjónustugreinunum. Það er að vísu finnst mér kanske svolítill misskilningur, kannske ekki misskilningur, en það er nefnilega tilfellið að sköpun atvinnutækifæra hefur verið langmest að undanförnu í þjónustugreinunum og það er flestra álit að svo verði áfram. Aukin tækni gerir það nefnilega að verkum að verður ekki eins mikil aukning atvinnutækifæra, eða fjölgun atvinnutækifæra, í frumvinnslugreinunum. Og þetta er hlutur sem við verðum einfaldlega að horfast í augu við. Auk þess skyldumvi athuga hvað er átt við með þjónustugreinum. Það er m.a. mjög miklu leyti atvinna fyrir konur, þ.e. í heilsugæslu, fræðslumálum og dagvistarmálum og öllu þessu. Þetta eru þær greinar sem að einmitt konur stunda og mér finnst stundum talað um þjónustugreinarnar eins og þær séu eitthvað slæmt. Þær eru sko alls ekki neitt slæmt, eins og við konur vitum.

Í öðru lagi sagði hún að fiskimiðin væru nánast fullnýtt. Þetta er að hluta til rétt og kannske að hluta til ekki alveg hárrétt vegna þess að við fullnýtum nú ekki beinlínis fiskimiðin okkur, við hendum nefnilega fjandi miklu af því sem dregið er úr sjó og nýtum alls ekki allt sem að þar er að finna. Við t.d. hendum 2-3 þús. tonnum af tindabykkju í sjóinn sem er hinn best matfiskur og væri hægt að selja. Er mikils virtur a.m.k. sumsstaðar í útlöndum, en þessu er hent í sjóinn. Nú lifur er hent í tonnatali í sjóinn og ýmsum fiskhlutum. Það er mjög einkennilegt mál vegna þess að fyrirtæki eru tilbúin til þess að kaupa lifrina og vinna úr henni lýsi. Ég hef það fyrir satt að við getum vel selt helmingi meira af meðalalýsi til útlanda án þess að hafa nokkuð fyrir því að afla markaðar, þar sem markaðurinn hreinlega bíður, en sjómennirnir hafa ekki fengist til þess að hirða næganlega lifur til þess að selja fyrirtækjunum. Þannig að þó að við drögum nú mikið úr sjó þá nýtum við ekki til fullnustu það sem við drögum úr sjó og auk þess leggjum við allt of lítið í rannsóknir til þess að auka sem sagt nýtingu þeirra auðæva sem að eru hérla í kringum landið.

Það var ein setning sem að Guðrún Sveins sagði, sem að ég aðeins staldraði við, án þess að byggðaröskun hljótist af, skrifaði ég hérla hjá mér. Við megum nú kannske ekki bíta okkur allt of mikið í það að byggðaröskun megi alls ekki eiga sér stað. Við getum svona aðeins velt því fyrir okkur hvernig við værum, hvernig þjóðlífið væri og mannsbyggðin, ef að engar byggðir hefðu fengið að leggjast af.

Ég bið ykkur um að misskilja þetta ekki. Ég hef ekki sjálf áhuga á að ein eða nein byggð leggist af en við getum náttúrlega ekki garist gegn því með kjafti og klóm að einhverjar byggðir sem alls ekki hafa skilyrði að þá megi þar engin röskun verða. Við verðum svolítið að líta á aðstæðurnar og leifa þróun að eiga sér stað þar sem hún hlýtur að eiga sér stað. Þetta er voðaleg vandmeðfarin mál. En svona til umhugsunar.

Hún talaði líka um menntun og menningarmál og ég er svo sannarlega sammála því. Við megum ekki einblína á það að atvinna sé allt og aftur bið ég ykkur að misskilja mig ekki. Mér finnst einhvern vegin lykilorðið í allri umfjöllun um byggðastefnu og byggðamál vera orðið fjölbreytni. Það þarf fjölbreytni, það getur verið erfitt í sambandi við atvinnumál einmitt eins og við þekkjum. Því minni sem byggðarlöginn eru, því erfiðara er að koma við fjölbreytni í byggðarlaginu. En það er líka fjölbreytni í menntunar- og menningarmálum. Það skiptir óskaplega miklu máli. En við megum heldur ekki gleyma því að það hefur mjög margtgerst. Mér finnst ég nú ekki vera mjög gömul manneskja, samt orðin miðaldra, ég verð að viðurkenna það, en þegar ég tók stúdentspróf árið 1960 þá voru örfáir menntaskólar á landinu og við vorum ekki nema rúmlega 50 sem að útskrifuðust frá Menntaskólanum á Akureyri. Þá var aðeins Menntaskólinn í Reykjavík, Verslunarskólinn og það var Menntaskólinn á Laugarvatni. Nú vitum við að þessir möguleikar hafa aukist mjög út á landsbyggðinni og því skulum við ekki alveg gleyma þó okkur finnist oft ganga

hægt að byggja upp út á landi, þá hefur þó mjög margt gerst. Og við skulum líka líta á allar heilsugæslustöðvarnar sem hafa risið. Það hefur sannarlega batnað margt þó að vitaskuld sé margt ógert og við eigm ekkert að hætta. Segja bara, Guð minn ég þakka þér og hætta að berjast fyrir bættri þjónustu, en við megum heldur ekki alveg gleyma öllu sem gert hefur verið.

Ég var búin að hérna setninguna hennar Sigrúnar. Það var ákaflega margt skemmtilegt sem kom fram í hennar erindi og mér fannst svo mikil bjartsýni og hvatning felast í því sem hún sagði, að mér fannst virkilega gaman og mikið gagn af því að hlusta á hana.

En þá er það þetta með kvótann sem er náttúrlega aðalástæðan til þess að ég kom hérna upp og bið ykkur afsökunar á því að ég skyldi verða svona margorð þar fyrir utan. Það mál er ...

B-síða.

... upphafið heyrist ekki.

...M.a. það sem Arna sagði - hún talaði m.a. um kvótamálin og hvað sjávarútvegurinn skiptir miklu máli á Vestfjörðum og það gerir hann vissulega á Vestfjörðum og Austfjörðum og allt í kringum landið misjafnlega mikið auðvitað. Mér finnst nú kannski að það megi ekki alveg stimpla Suð-vesturhornið þó er minn sé best prjónuð hérna þá megi ekki alveg stimpla það svo að hér sé ekki aðstæður sem ekki þurfi að taka tillit til. Ég veit ekki hvort ykkur er öllum ljóst hvernig byggðastefna var rekin hér fyrir nokkrum árum. Á áttunda áratugnum var mjög kröftug byggðastefna í gangi og landsbyggðirnar fengu mjög mikla og

góða fyrirgreiðslu í gegnum Byggðasjóð og það var mikil uppbygging einkanlega í sjávarútvegi út um landið í formi lánafyrirgreiðslu, menn fengu mikil lán með mjög hagstæðum kjörum og það varð mikil uppbygging bæði í fiskiskipum, frystihúsum og fiskvinnslufyrirtækjum umherfis landið.

Sumar þessar byggðir nutu ekki þessarar fyrirgreiðslu, Suðurnesin voru ekki talin til landsbyggðar og þetta varð m.a. til þess að Suðurnesin sem hafa byggt sitt að miklu leyti á sjávarútvegi drögust mjög aftur úr í þessari þróun og þar er nú hæstur meðalaldur fiskiskipa, véla og tækja í fiskvinnslunni og mjög slæm aðstaða. Það var ekki fyrr en á síðustu fyrirgreiðsluárunum, ef við getum kallað það svo, sem Suðurnesin komu inn í myndina. Suðurnesin eru svo sannanlega sjávarútvegsbyggð. Þeir hafa að vísu orðið að gjalda nálægðar hersins á Miðnesheiði og þegar fólk talar um að þar séu nóg tækifæri, þá fæ ég sting í hjartað því að tækifærin eru fyrst og fremst fólgin í atvinnu í sambandi við herinn. Það kalla ég ekki tækifæri - allavega vond tækifæri. Mér finnst rangt að afsaka það með því að þeir hafi herinn þarna. Ég vil líka benda á það að Grindvíkingar t.d. eru meðal þeirra byggða sem byggja sitt að mestu á sjávarútvegi eða 70% sem lifa á sjávarútvegi í Grindavík.

Svo eru fleiri byggðir þarna suður frá sem byggja sitt mjög mikið á sjávarútvegi. Það sem hefur gerst þarna og ég býst við að það séu ekki alveg allar sem vita það að þessi skipting á milli norður- og suðursvæðis, þessu er skipt í svæði eitt og svæði tvö. Svæði eitt nær frá Eystra horni til Látrabjargs og svæði 2 frá Látrabjargi norður og austur til Eystra horns. Sá mismunur sem hefur verið á þorskkvóta er aðeins miðaður við togara og það var helnings munur í upphafi, það hefur aðeins jafnast.

Það sem hefur gerst og var orsök þess að þingmenn í þessum byggðalögum, Vesturlandi, Reykjavík, Reykjanesi og Suðurlandi, skrifuðu undir áskorun til ráðgjafanefndar í sjávarútvegsmálum um það að það yrði leiðrétt þetta misrämi sem að kemur fram í reglugerð með lögum um fiskveiðistjórnun. Orsökin er sú að parna eru að gerast mjög alvarlegir hlutir sérstaklega hvað varðar Suðurnesin þar sem að skip hafa verið sold á milli svæða. Þau hafa náttúrlega farið tölувert á milli byggðalaga, en nýjasta dæmið er skip sem var selt frá gjaldþrota fyrirtæki á Suðurnesjum og það var selt á 180 millj. þ.e. ekki nema 60-80 millj. kr. virði í sjálfu sér skipið, en sem sagt kvótinn, eitthvað ca. 2000 tonna kvóti var metinn á 100 millj. kr. og hann var ekki síst metinn svona mikið vegna þess að hann óx á leiðinni norður. Hann óx um ca. 6-800 tonn og það munar um minna. Það eru þessi dæmi í rauninni sem að verða til þess að þingmenn á þessu svæði bregðast við. Vitaskuld er þetta dálitið sláandi og menn brugðust mjög reiðir við, en þetta er orsökin fyrir því að umbjóðendur þessa fólks á þessu svæði fara út í þessar aðgerðir.

Við gætum talað miklu meira um sjávarútvegsmál og þessi kvótamál. Við höfum legið í því nokkrar konur hérna í sambandi við þessa fiskveiðistjórnun sem á að fara að móta og höfum viljað breyta algerlega um stjórnun fiskveiða þannig að sá afli sem til skiptanna er verði skipt á milli byggðalaga með hliðsjón af lönduðum afla í byggðalögunum. Og ef þið kærið ykkur um, (ég er nú búin að standa hérna allt of lengi) þá getum við rætt þetta betur á eftir.

Takk fyrir.

Inger er næst á mælendaskrá, en ég vildi gjarnan fá tillöguna í hendur og lesa hana fyrir Snjólaugu áður en Inger kemur.

Tillagan er svohljóðandi:

"Landsfundur Kvennalistans samþykkir að halda á sumri komanda landsráðsstefnu um landbúnað og landnýtingu."

Inger, gjörðu svo vel.

Góðan daginn.

Það er í sambandi við þessa tillögu, að ég legg til að tillagan um að halda landsráðsstefnu um landbúnað og landnýtingu verði breytt og haldin verði frekar ráðstefnu almennt um byggðamál. Og við reynum að líta svolítið á málin í einni heild en ekki draga eina og eina einingu út.

Takk fyrir.

Elín er næst og svo Snjólaug.

Góðan daginn.

Mig langaði aðeins að koma hér upp og segja ykkur af því að við vorum hérna, þær sem erum flutningskonus að þessari tillögu og aðrar í kring, að ímynda okkur að við gætum einmitt útvíkkað þessa tillögu.

Ég ætla að lesa hana eins og hún yrði þá:

"Landsfundur Kvennalistans samþykkir að halda á sumri komanda landsráðstefnu um landsbyggðarstefnu. Þar yrði rætt hvernig konur geta stutt hver aðra til að bæta stöðu sína og landsbyggðarinnar í heild. Sérstök áhersla yrði lögð á úrræði í landbúnaðar og landnýtingarmálum, menningar- og menntamálum."

Þetta yrði einhvern veginn í þessa veru. Þetta er svolítið klúðurslegt hérna á kafla, en það getur lagast.

En af því ég er komin hérna, þá langar mig til að segja ykkur sögu. Ég svaf yfir mig í morgun, var algerlega miður mín, vaknaði kl.7, rauk upp með andfælum kl. hálf ellefu, þið vitið alveg hvernig það er. Ég kom bara fram úr rúminu með hjartsláttinn og er varla vöknud ennpá.

Þetta hefur ekki komið fyrir mig árum saman. Og sérstaklega var ég leið yfir þessu því mér finnst svo gott að hlusta á raddirnar sem ég heyri ekki á hverjum degi.

Nú, þá kem ég að því að 1984 fórum við hringinn í kringum landið og ég fékk að vera með hálfa leiðina. Og sem við staddar á Flateyri við Önundarfjörð í barnaheimili sem konurnar á staðnum höfðu auðvitað komið á fót því að það var engin samstaða á staðnum um það að búa til barnaheimili, þannig að konurnar bara gerðu það. Við vorum nýbúnar að vera á Suðureyri við Súgandafjörð þar sem að konurnar höfðu líka byggt sundlaug af því að það var enginn áhugi fyrir að gera það á þeim stað. Og við vorum að ræða auðvitað landsbyggðastefnuna og hvernig að þetta allt væri og iðnráðgjafarnir komu inn í málið og það var verið að ræða þetta. Önundarfjörður er sennilega einn búsaeldalegasti staðurinn á Vestfjörðum fyrir landbúnað, þ.e. fyrir

mjólkurframleiðslu. En það hafði einhverjum gáfumanninum dottið það í hug að taka í notkun tankbíla undir mjólkina og þá eru nátturlega tankbílar settir um allt land, burtséð frá því hvort þeir eru nýtilegir eða ekki. Og það kemur auðvitað í ljós að í þessu besta mjólkurframleiðsluhéraði Vestfjarða er veglaust mjög stóran hluta ársins. Og það þýðir það að það verður að hella niður svo og svo mikilli mjólk meira og minna eða reyna að vinna úr henni heima mjög stóran hluta ársins, af því að tankbílarnar komast ekki yfir þessar heiðar sem lokast alltaf. Og við fórum að ræða um það konurnar, hvað þetta er í rauninni fáráðlegt að í gamla daga þá voru þó alla vega til brúsar og það var þá hægt að nota sjóinn sem að er aðal samgönguæðin á Vestfjörðum. Og í framhaldi af því fórum við eitthvað að dómota yfir þessu og hissa okkur á því hvað allir þessir ráðgjafar og þeir sem ráða ferðinni gætu nú verið eitthvað svona þróngsýnir og hugmyndasnauðir og það var verið að ræða á þessum fundi, sem var mjög skemmtilegur fundur, hvort það væri ekki alveg kjörið að konurnar bara settu á stofn ostabú, eins og var hérna í eina tíð. Nú varð ekkert úr því ferkar, því við höfðum ekki tíma til að ræða það neitt til hlýtar hvernig hægt væri að nýta þetta. En við vorum allar sammála um það að auðvitað væri það nauðsynlegt að konur á þessum stöðum þar sem að atvinnumöguleikar væru svona ægilega fáir, þyrftu að taka það til sérstakrar endurskoðunar hvernig þær gætu nýtt aðstæðurnar á staðnum sér í hag. Þess vegna var einmitt svo gaman að heyra í henni Sigrúnu áður einmitt um þetta hvernig konur hafa

hreinlega notað sitt hugarflug. Því við erum bæði, nú kemur náttúrlega þessi sjálfumgleði sem við þurfum svolítið á að halda, konur, því við erum bæði náttúrlega svo duglegar eins og við vitum, svo stórkostlega duglegar, og svo erum við þess utan svo hugmyndaríkar. Við erum í raun miklu hugmyndaríkari heldur en karlahópurinn í heild og þess vegna er það alveg makalaust að við skulum verða að sætta okkur við það að vera alltaf að vinna störf sem að búið er að skipuleggja fyrir okkur af einhverjum öðrum. Og í því sambandi held ég að við verðum að passa okkur á því í þessu eins og öllu öðru, ráðum sjálfar ferðinni, látum ekki einhverja aðra og þá fyrst og fremst einhverja karla, setja upp dæmin fyrir okkur um það hvaða vinnu er hægt að koma upp á staðnum, ákveðum það sjálfar.

En þessi tillaga að breytingu er lögð fram af okkur öllum hérna, þannig að þetta er varla orðin breytingatillaga, þetta er bara tillagan er það ekki. Svona bara laga orðalagið.

Takk.

Skil ég það þá rétt að hin tillagan sé dregin til baka.

Já, já.

Mér skilst að konur frá Vestfjörðum séu að kveðja okkur. Það er kannske byggðastefnan í hnottskurn að þær verða að fara núna á miðjum fundi til þess að ná heim til sín og ég vil minna þær á að það er hérna frammi bæklingur frá Bjarna Hannessyni frá Undirfelli sem þið megið taka ef þið kærið ykkur um, en að öðru leyti ætla ég bara að þakka þeim kærlega að hafa lagt á sig þetta ferðalag og komið hér og verið með okkur þessa helgi og við skulum gefa þeim gott klapp fyrir.

Snjólaug var næst á mælendaskrá hjá mér, en ég held að hún sé farin, þannig að hún er þá dottin út. En þessi tillaga, ég ætla að lesa hana aftur, hún er svona:

"Landsfundur Kvennalistans samþykkir að halda á sumri komanda landsráðstefnu um landsbyggðastefnu, (þetta er dálítið..... Má ekki vera bara ráðstefnu um byggðamál, eða ráðstefnu um landsbyggðamál O.K. ráðstefnu um landsbyggðamál.) Þar yrði rætt hvernig konur geti stutt hver aðra til að bæta stöðu sína og landsbyggðarinnar í heild. Sérstök áhersla yrði lögð á úrræði í landbúnaðar- og landnýtingarmálum, menningar- og menntamálum. (Vantar ekki atvinnumálin? Sérstök áhersla yrði lögð á úrræði í landbúnaðar- og landnýtingarmálum, menningar-, mennta- og atvinnumálum. í lagi?)

Kristín Blöndal er búin að biðja um orðið.

.....

Þetta var mjög snjöll lausn. Ég vil minna ykkur á að drög að ályktun landsfundar Kvennalistans er hérna einhvers staðar á borðunum og þið skuluð endilega skoða hana og vera þá tilbúnar með einhverjar hugmyndur um breytingar á henni eftir hádegi, þannig að við lendum einmitt ekki í þessu sko, að vera að kasta svona á milli okkar hvernig orðalagið á henni eigi að vera eða innihaldið í henni. Þannig að það liggi þá ljóst fyrir hverjum við viljum þá breyta, ef við viljum breyta einhverju.

Nú er mælendaskrá ennþá opin, því við ætlum að fresta aðeins matartímanum.

Edda

Við höfum hugsað okkur hérna í undirbúningsnefndinni að hafa veglegan hugmyndabanka þannig að þið getið komið hugmyndum á framfæri og stungið í kassa. Endilega ef þið hafið einhverjar hugmyndir sem þið hafið ekki komið á framfæri eða viljið skila inn skriflega, þá stinga þeim í þennan góða kassa.

Orðið er laust.

Mig langar bara aðeins, þó ég sé fundarstjóri og eigi kanske ekki að segja neitt hér, þá langar mig bara til þess að fagna þessari tillögu sem hér er fram komin um síða landsráðstefnu og það er reyndar míni skoðun að við ættum að halda mun fleiri síkar landsráðstefnur, á hverju ári. Vegna þess að það sem að vantar kanske stundum í þessi samtök er einmitt pólitísk stefnumörkun af hálfu heildarsamtakanna, þ.e.a.s. alls Kvennalistans. Slik stefnumörkun frá fram fyrir kosningar og síðan fer hún fram í einhverjum afmörkuðum hópum eins og t.d. borgarmálahópi í Reykjavík eða þingráðsfundum, eða öðrum síkum stofnunum Kvennalistans. En þessi pólitískar stefnumörkun fyrir öll samtökin, hana vantar svolitið að minu mati, þannig að mér petta mjög góð hugmynd og ég myndi vilja fá petta í fleiri málaflokkum, svo ég tali nú fyrir sjálfa mig.

Gjörðu svo vel, Þorgerður.

Óskýrt - talað út sal.

Ýmsir taka til máls.

Fyrirgefið,

Ég var að reyna að betrumbæta þessa tillögu, með tilliti til þess sem að fram kom, svo ég les hana án þess að við fórum nokkuð út í umræðu um það, þá hljóðar hún eins og þið munið kanske fyrrípartinn, síðan kæmi: "Sérstök áhersla yrði lögð á úrræði í atvinnumálum með sérstöku tilliti til landbúnaðar og landnýtingar, menningar- og menntamálum." Það er semsamt atvinnumál með sérstöku tilliti til landbúnaðar og landnýtingar, menningarmál og menntamál. Skiljið þið mig?

Kristín Blöndal

(Talað út í sal - óskýrt)

.....

Ég sakna þess að ég heyrði ekkert um ullarvinnslu.
..... hvernig staðið hefur verið að þeirri ullarvinnslu sem hefur verið hér viðs vegar um landið. Það hafa verið sem sagt einhverskonar prjónaverksmiðjur sem að hafa farið á hausinn. Og eftir því sem ég best veit, þið leiðréttið mig ef ég fer með rangt mál, þá hafa það yfirleitt verið karlmenn sem hafa rekið þetta og haft konur í vinnu á náttúrlega láum launum. En mig langar til að forvitnast um hvort það eru einhverjar hugmyndir uppi um að konur taki sig til við að fullnýta ullina okkar og gera þá betur heldur en aðrir hafa gert.

Það liggur hérna fyrir þessi eina tillaga sem við vorum að ræða hérna áðan og það er eins og það séu ekki allar sáttar við hana og segja ýmsar að þær skilja ekki af hverju það þurfi fremur að leggja áherslu á landbúnaðinn en sjávarútveginn, úrræði í landbúnaði fremur en í sjávarútvegi. Það er spurning hvort við ættum ekki að geyma afgreiðslu þessarar tillögu þar til eftir hádegi, þannig að það sé hægt að móta hana í hádeginu væntanlega og hún yrði þá afgreidd samhliða þessari lokaályktun fundarins.

Án þess að ég ætla að fara að klippa fyrir þá umræðu sem hefur komið upp, þá höfum við mjög lítinn tíma til stefnu, við höfum hálftíma þar til kemur að mat og það er tvennt sem þarf að komast hér að.

En ég gef þá fyrst Elínu orðið og síðan kæmi Anna Guðrún og svo Sigríður.

Það er í sambandi við prjónastofurnar, ullarvinnsluna og við Hulda Jósefsdóttir höfum stundum verið að rifast út í þetta hvor við aðra. Það er margt í afskaplega slæmu standi, það verður að segjast eins og er. Það er að minu mati allt of mikil fákunnátta. T.d. í sambandi við prjónastofur þá eru þetta einhverjur menn sem hafa starfað við eitthvað allt annað. Þeir taka sig til og kaupa vélar og setja upp prjónastofu. Það er engin fagmanneskja við þetta á nokkurn hátt. Og það var svoleiðis, að ég var svolítið í því að hanna, þá sérstaklega fyrir erlend fyrirtæki fyrir nokkrum árum, og ég var beðin að vinna hérna fyrir fyrirtækið. Ég fór í verksmiðjurnar og ég skal

bara segja eins og er, mér varð óglatt, mér var bara illt af að sjá þetta. Ljótan frágang, slæma vinnu, leiðinlega vinnustaði og kunnáttuleysi algjört. Ég rakst ekki á eina einustu prjónastofu eða saumastofu þar sem að fagmanneskja átti nokkurn þátt. Það var engin manneskja sem kunni að prjóna, engin manneskja sem kunni að sníða, það var hreinlega engin sem kunni neitt. Fólk var að fikra sig áfram og þetta var alveg stórgölluð vara. Þessar prjónastofur þær eyðilögðu markaðinn í Rússlandi, bara endanlega. Það er ómögulegt að selja þangað síðan þessar prjónavörur. Það var bara bolað einhverju upp og látið í þessa samninga.

Eg og við Hulda, við vorum alveg hreint að gefast upp á þessu. Og það sem þarf að gera fyrst af öllu að mínu mati er að lögvernda og að ganga þannig frá málum að það sé hægt að merkja sér hugmyndir fyrir hönnuði. Það er undirstaða að það sé góð hönnun og það lifir enginn á því að láta stela frá sér, það er ekki hægt. Það er t.d. ekki hægt að trúa prjónastofu fyrir að prjóna model, hún stelur sniðunum og bíður svo öðrum. Þetta er undirstaðan. Ég verð á morgun þar sem Form Ísland var stofnað og ætla að reyna að koma þessu af stað og verður fundur þar á morgun og ég verð þar annað kvöld svo það kemur eitthvað út úr því.

Íslenska ullin, ja ætli að það sé ekki 30% af allri þessari íslensku ull flutt inn, feiknin öll af ull og blönduð ull. Það er varla nokkur leið að kaupa íslenska ull, þetta er allt blandað. Ég spyr svo oft sjálfa mig, þetta eru allir þessir voða erfiðleikar með þetta allt, hvaða tilgangi þetta þjóni og hvort eigi þá ekki að búa til

prjónaiðnað á allt öðru plani. Nú handprjónuðu peysurnar sitja konur við um allt land og prjóna. Ég gerði tilraun, það var fyrir Morgunblaðið fyrir mörgum árum, ég prjónaði lopapeysu, ætli ég sé ekki einhversstaðar með miðlungshraða að prjóna, það tók mig 30 klukkutíma. Og fyrir það var borgað 10 kr. á tímann. Ég álít að það sé í rauninni ekkert hægt að gera í þessu fyrir en búið er að lögvernda einkarétt og ganga þannig frá honum að það sé ekki hægt að stela honum. Þið vitið að það fer enginn úr Álafoss upp í Rammagerð til að kaupa dýrarri peysu og ekki heldur upp í handprjónasamband og ekki neitt. Það verða að koma nýjar vörur og þær koma um leið og þetta er lögverndað. Ég er sannfærðu um að fólk býr yfir miklum hugmyndum og þær á að virkja. Það er mikið talað um þessa markaðskönnun og þessir blesсаðir drengir sem eru nýkaraðir úr skólanum og vita um margt annað en það, að þeir geta ekkert um neinn þátt í þeirri vöru sem þeir eru að selja. Þeir myndu ekki kunna að rýa kind, þeir vita varla held ég sumir hver er munur á togi og þeli og svo eru þeir að halda fyrirlestra o.p.h., mér finnst ég bara vera ég verð að játa það.

Og ég tók mig þarna til, þeim hættir til að tala niður á okkur, þá gerði ég, ég ætla að benda ykkur á það, það hefur komið til tals hérna karlar tali niður á konur. Ég skal segja ykkur það þegar þið eruð orðnar eins gamlar og ég, þið getið hlakkað til einhvers, að þá getið þið farið að tala um drengina, þá roðna þeir upp í hársrætur, þeir geta engu svarað. Þetta er voða sætt og gaman að gera þetta.

En ég álít að þarna sé mikil mál og ég verð að segja það að ég held að það eigi að vera miklu strangara aðhald með að það sé fagfólk, það var svona í gamla daga, það mátti ekki reka neinn iðnað nema það væri fagfólk sem að stjórnaði verkinu. Ég veit bara ekki hvernig þetta er að verða, það er eins og allir geti sett upp iðnað og framleitt eitthvað og enginn kann neitt og þarna finnst mér að löggjafinn þurfi að koma til. Þetta er óklárt í lögum finnst mér. Það féll dómur þarna í sambandi við ljósmyndara, aðrir ljósmyndarar kærðu hann, vegna þess að þeir töldu að hann hefði farið inn á atvinnugrundvöll, en dómurinn féll honum í vil. Þetta var í sambandi við bók sem hann hafði tekið myndir í og gefið út sjálfur. Myndirnar voru ljómandi góðar, það var ekki það. Þetta var bara spursmál.

Núna er búið að setja á stofn tilraunaverksmiðju og kom hérna inn á að minnka fjárveitingar til tilrauna. Það er hlutur sem ég er algjörlega á móti ef þessi fundur tæki afstöðu til þess - mér finnst sjálfri að við þurfum tilraunir á öllum sviðum því það er svo dýrt fyrir hvern einstakan að gera tilraunir og læra af mistökunum. Það er miklu ódýrara að gera tilraunir fyrir heildina. Nú er það þannig að ef maður vill fá litaðan lopa eða sérkembdan á einhvern hátt að þá er ekki hæft að fá það í minni pakningum en 300 kg. Núna er nýtilkomin verksmiðja sem ég hef ekki séð. Þetta er það eina sem ég get sagt ykkur á þessu plani. Það getur vel verið að ég skrifi grein um þetta og þá mundi hún birtast í Morgunblaðinu og gera og skrifa hana skipulega. Þótt

ég væri að garfa í þessu fyrir svona 10 árum t.d.
að fá og reynslu. Ég get talað af reynslu um það að
selja erlendum fyrirtækjum fyrirmynndir og það er allt annað
mál, maður skrifar undir hvað maður selur og það erekki
stolið svona. T.d. þær konur sem hafa verið að selja
Álafossi fyrirmynndir þá sendir Álafoss þetta til blaðanna,
þessara tímarita sem fá þetta ókeypis. Það eru til önnur
fyrirtæki sem eru í því að ... byltingu í ... það má
ekki gera neitt annað með þá fyrirmund sem ... Ég held
að þetta sé svona á öllum sviðum hérna það er ekki borin
nándar nærri mikil virðing fyrir eignarrétti

Ég bið ykkur afsökunar á þessu óskipulagða tali en
semsagt að það komi grein með úttekt á þessu eftir áramótin.

Dótt ég ætli að tala um annað vil ég nota tækifærið og
þakka ykkur fyrir þessar góðu undirtektir sem ég hef fengið
og ég vona að þið gerið ykkur grein fyrir hvað það er
mikilvægt fyrir mig að ég fæ orku héðan til að halda áfram
minnsta kosti til að ljúka hinum hálfskrifuðu ritgerðum sem
ég er með í gangi. Ég veit það að það eru ekki bara
hugmyndir út í loftið sem ég er að bögglast við. Ástæðan
fyrir því að ég bað um aðfá að koma upp núna er það (ég er
svolítið feimin að bera þetta fram). Við vitum hvað við
erum merkilegt fyrirbæri og auðvitað að ég er nú í því sem
ég er í þá langar mig til að gera svolitla könnun um starf
ykkar. Mig langar til að biðja ykkur um svolítið eins og

endurgreiða (ég veit ekki hvað ég á að kalla það).

Mynduð þið sem takið þátt í þessum landsfundi núna hefðuð þið ea á móti því að ég fengi lista yfir nöfn ykkar og heimilisföng hjá undurbúningsnefndinni t.d. sem ég geri ráð fyrir að sé til listi yfir þátttakendur á hótel Vík og ég fengi að senda ykkur svolítinn spurningarlista.

Það er um að ræða afskaplega takmarkaða athugun þar sem ég er helst að hugsa um á hvaða foresnum, hvaða mótipið hafið haft þegar þið fóruð inn í þetta starf og líka þetta hvaða hagsmuni ykkur finnst Kvennalistinn representera. Þetta er afskaplega stutt. Ég var búin að hugsa mér að taka þetta með mér en hafði ekki tíma til að gera það og þá mundi ég senda með umslag og frímerki og þá þarf ekki að fylgja með neitt nafn á því sem þið sendið mér. Ég er afskaplega þakklát. Þegar ég er svo búin að vina úr því þá reyni ég að fá það birt af því ég hef komið í sjónvarpið eins og börnin míni spurðu mig eftir í síma þá komið þið ekki þó með nöfnin í grein einhvers staðar í tímaritum. Engar raddir á móti því. Þakka ykkur fyrir.

Ég reikna með því að það sé einfalt að afgreiða þetta mál. Þetta fær góðar undirtektir. Ef einhver kona vill að hennar nafn fari út þá er ósköp einfalt að koma því til þeirrar sem hefur með listann að gera og hennar nafn verður tekið út af. Svo engin telji sig vera hlunnfarna. Þá er þetta einfaldasta mál í heimi.

Þarna er ein hendi á lofti.

Sp. utan úr sal sem ekki heyrist. Í sambandi við grein sem var skrifuð í Morgunblaðið um ísl. konu í Kanada sem flutti inn ísl. kindur og notar ullina til að vinna úr þar.

Ég ætla að ljúka þessari umræðu um atvinnu- og byggðamál. Tillöguna er ennþá hægt að skoða og afgreiða hana með lokaályktun fundarins þannig að hún getur þá komið inn á því stigi.

Ég gef Sigríði Þorvaldsdóttur orðið og hún kynnir sjálf hvað hún hefur fram að færa.

Komið þið səlar. Það er mjög gaman að vera með ykkur að vanda. Því miður hef ég ekki getað verið með ykkur eins mikið og ég hefði viljað á þessum landsfundi eins og ég hefði viljað sökum anna og verð reyndar að mæta til vinnu núna eftir hádegið svo ég ætla upptakan endar hér